

1904

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 428/1990. **Karl Runólfsson**

(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.).

Víxilmál. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar 1990.

Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda samkvæmt hinni áfrýjuðu áritun, en til vara krefst hann þess, að málinu verði vísað frá dómi. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Íslandsbanki hf., sem tók við aðild málsins af Alþýðubankanum hf. 1. janúar 1990, krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest og að áfrýjandi greiði sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ber fyrst að ganga úr skugga um, hvort nokkrir gallar séu á formhlið máls. Ber því fyrst að taka varakröfu áfrýjanda til meðferðar.

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu gegn áfrýjanda og Sæmundi Runólfssyni. Gerði stefnandi í héraði þær dómkröfur, að stefndu yrði in solidum gert að greiða sér skuld að fjárhæð 481.000 krónur auk bankakostnaðar, dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í stefnu segir meðal annars svo: „Skuld þessi er samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 481.000,00, út gefnum í Reykjavík hinn 1.12.1988 af stefnda Karli og samþykktum af stefnda Sæmundi, til greiðslu hinn 31.12.1988 í Alþýðubankanum hf., Reykjavík, ábektum af útgefanda, og afsögn er óþörf.“

Málið var þingfest á bæjarþinginu 9. janúar 1990. Var þá bókað, að þing væri sótt fyrir stefnda og honum veittur frestur til greinargerðar til 6. febrúar sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og var málið tekið til áritunar að kröfu stefnanda. 27. febrúar 1990 ritaði Bergþór Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 60.300,- í málskostnað eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði reiknist frá 15. degi frá áritun þessarar (sic) skv. III. kafla vaxtalaga.“

Stefnuvottar Hafnarfjarðar birtu stefnu framangreinds áskorunar-máls á hendur áfrýjanda að Hrauntungu 2, Hafnarfirði, fyrir Gunnari Arnarsyni (á að vera Árnasyni), og er fullyrt í vottorðinu, að þar sé heimili áfrýjanda. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð þrjú vottorð, vottorð Hagstofu Íslands um, að áfrýjandi hafi verið skráður með lögheimili að Sigtúni 2, Vík í Mýrdal, frá 1978, vottorð Gunnars Árnasonar og Guðnýjar Jónasdóttur, Hrauntungu 2, Hafnarfirði, um að áfrýjandi hafi aldrei átt þar lögheimili, og vottorð Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns um, að hann hafi aðeins sótt þing fyrir Sæmund Runólfsson á bæjarþingi Reykjavíkur 9. janúar 1990. Vottorð þetta er samrýmanlegt bókun í þingbók bæjarþings Reykjavíkur, enda þótt bókunin mætti vera gleggri.

Af framangreindum gögnum verður nægjanlega ráðið, að áfrýjandi hefur aldrei átt lögheimili eða fast aðsetur að Hrauntungu 2, Hafnarfirði, og þing hefur ekki verið sótt í málinu fyrir hans hönd. Málið er því ekki réttilega höfðað gegn honum, og ber að ómerkja hina áfrýjuðu áritun, að því er hann varðar, og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er ómerkt, að því er áfrýjanda, Karl Runólfsson, varðar, og hans hluta málsins vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.